

2. fundur

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 22. júní 2015

Fundur þann 22. júní 2015, kl. 11:00 haldinn með aðstoð síma. Mætt voru fulltrúar í úthlutunarnefnd Viðar Guðmundsson, María Hildur Maack, Peter Weiss, Ásgerður Þorleifsdóttir, Arna Lára Jónsdóttir, Dagný Sveinbjörnsdóttir, Eva Dögg Jóhannesdóttir og Sigurður Viggósson. Forföll boðaði Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir. Einnig sátu fundinn starfsmennirnir Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga sem stýrði fundi og ritaði fundargerð, Shiran Þórisson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Jón Jónsson menningarfulltrúi Vestfjarða.

1. Mat umsókna.

Farið yfir stöðu á mati umsókna og hvernig vinnu yrði hagað fram að úthlutunarfundi. Nefndarmönnum yrði nú falið í vikunni að skila matsblaði þar sem þeir legðu fram óháð mat á umsókn. Starfsmenn myndu taka saman heildarmat allra nefndarmanna á hverri umsókn og kynna síðar í vikunni. Miðað yrði við að skipta síðan umsóknum upp á nefndarmenn til nánari skoðunar en þó þannig að hver umsókn fengi nánari greiningu af hálfu 4 til 5 nefndarmanna.

2. Dagsetning úthlutunarfundar.

Farið yfir val á dagsetningu funda. Samþykkt að boða til fundar 29. júní kl. 10:00 nk. á Ísafirði og annar fundur yrði haldinn þann 30. júní á Ísafirði ef á þyrfti að halda. Shiran kynnti að hann gæti ekki setið fundina vegna anna í starfi og myndi hann fela Viktoríu Rán Ólafsdóttur, verkefnastjóra AtVest að taka við sínu hlutverki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.